

Fimmtudaginn 20. nóvember 1997.

Nr. 69/1997.

Radíóbúðin ehf.

(Agnar Gústafsson hrl.)

gegn

Tæknivali hf.

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

og gagnsök

Kaupsamningur. Hlutabréf. Afsláttur. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1997. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að dráttarvextir greiðist ekki af kröfu gagnáfrýjanda fyrir en frá 15. febrúar 1996 og að til skuldajafnaðar við kröfu gagnáfrýjanda komi 886.141 króna með dráttarvöxtum frá 3. september 1992, auk þess sem málskostnaður verði felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1997. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 1.327.845 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 894.505 krónum frá 5. maí 1993 til 28. maí sama árs, en af 1.327.845 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, er mál þetta sprottið af viðskiptum um hlutabréf í Símsvali hf. Var aðaláfrýjandi meðal hluthafa í því félagi, og neytti hann forkaupsréttar að hlutabréfum annarra hluthafa, þar á meðal gagnáfrýjanda, á grundvelli tilboðs Rafkaupa hf. í hlutabréfin 3. september 1992. Með dómi Hæstaréttar í dómasafni 1996, bls. 301, var skorið úr ágreiningi, sem reis milli aðila að þeim viðskiptum vegna riftunar aðaláfrýjanda á kaupunum. Var hann talinn bundinn við kaupin og riftun þeirra honum óheimil.

Meðan gagnáfrýjandi var enn meðal hluthafa í Símsvali hf., hafði hann ásamt öðrum hluthöfum tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á nokkrum skuldum félagsins. Eftir að ágreiningur aðaláfrýjanda við seljendur hlutabréfanna reis í kjölfar riftunar hins fyrrnefnda á kaupunum, var gagnáfrýjandi krafinn um greiðslu þessara skulda í skjóli ábyrgða hans. Leysti hann til sín kröfur samkvæmt tveimur skuldabréfum 5. maí 1993, að fjárhæð 894.505 krónur, og hluta kröfu samkvæmt einu skuldabréfi 28. maí sama árs, að fjárhæð 433.340 krónur, samtals 1.327.845 krónur. Í máli þessu leitar hann endurgreiðslu úr hendi aðaláfrýjanda á grundvelli samnings þeirra um sölu hlutabréfanna. Vísar hann um það til 5. gr. hins samþykktu tilboðs Rafkaupa hf., þar sem segir: „Rafkaup hf. mun yfirtaka allar skuldbindingar félagsins.“ Að auki reisir hann kröfu sína á því, að aðaláfrýjandi hafi orðið skaðabótaskyldur með því að hirða ekki um hagsmuni Símsvals hf., meðan ágreiningur vegna riftunar var ekki til lykta leiddur. Þá hafi hann tekið til sín eignir félagsins með ólögmætum hætti og þannig hlotið óréttmætan hagnað af viðskiptunum.

II.

Fyrirsvarsmaður Rafkaupa hf. gaf skýrslu fyrir dómi. Kom fram hjá honum, að með því að kaupa öll hlutabréfin í Símsvali hf. hafi hann ætlað að sameina félagið Rafkaupum hf. og nýta þannig yfirfæranlegt tap fyrrnefnda félagsins til lækkunar á sköttum hins síðarnefnda. Ljóst hafi verið af milliuppgjöri fyrir Símsval hf. 30. júní 1992, hverjar skuldir félagsins voru. Ekki er vefengt, að meðal þeirra hafi verið áðurnefndar skuldir, sem gagnáfrýjandi innleysti. Ekkert annað hafi staðið til en að greiða skuldir félagsins, enda hefðu þau verðmæti, sem fólust í yfirfæranlegu tapi Símsvals hf., orðið að engu, hefði bú félagsins verið tekið til gjaldþrotaskipta. Aukið tap á rekstri félagsins tímabilið júlí til september 1992 hefði ekki breytt þessu, enda kæmi þá að nokkru á móti aukið verðmæti í yfirfæranlegu tapi.

Þegar þetta er virt svo og orðalag 5. gr. tilboðs Rafkaupa hf. og bréfs aðaláfrýjanda til viðsejenda sinna 3. september 1992, verður fallist á með gagnáfrýjanda, að hann hafi haft réttmæta ástæðu til að telja, að í samþykktu tilboði Rafkaupa hf. hafi falist loforð um að

greiða skuldir Símvals hf. og að honum yrði þannig haldið skaðlaus-um vegna þeirra ábyrgða í þágu þess félags, sem hann hafði tekist á hendur. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um, að aðaláfrýjanda sé skylt á grundvelli samnings málsaðila að bæta gagnáfrýjanda þau útgjöld, sem hann hefur haft af því að leysa til sín hluta krafna á hendur Símvali hf. vegna ábyrgða sinna. Verður aðaláfrýjanda gert að greiða kröfufjárhæðina með dráttarvöxtum frá þeim degi, er getur í varakröfu aðaláfrýjanda, en þá fyrst beindi gagnáfrýjandi að honum kröfu um, að hann endurgreiddi sér þau útgjöld, sem hann hafði haft vegna ábyrgða sinna.

III.

Varakrafa aðaláfrýjanda um skuldajöfnuð að hluta við kröfu gagnáfrýjanda er á því reist, að hann eigi rétt til afsláttar vegna kaupa sinna á hlutabréfunum. Kom hún ekki fram fyrr en í þessu máli. Krafan um afslátt er jafnhá þeim mismun, er fram kom vegna aukins rekstrarhalla í milliuppgjöri fyrir Símval hf., sem dagsett er 22. september 1992, frá fyrra milliuppgjöri 30. júní sama árs, sem var 886.141 króna. Mótmælir gagnáfrýjandi þessari kröfu, þar sem hún sé of seint fram komin og sé auk þess ekki réttmæt.

Eins og atvik þessa máls eru vaxin, telst framangreind varakrafa aðaláfrýjanda ekki of seint fram komin, og kemst hún að í málinu. Verður fallist á, að aðaláfrýjandi eigi rétt til afsláttar af kaupverði hlutabréfanna. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er staðfest niðurstaða hans um þann þátt málsins. Verður krafa gagnáfrýjanda, sem getur í II. kafla að framan, lækkuð sem því nemur.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað verður staðfest. Aðaláfrýjandi skal greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Radíóbúðin ehf., greiði gagnáfrýjanda, Tækni-
vali hf., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. nóvember sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 7. maí sl. og birtri 14. maí sl.

Stefnandi er Tæknival hf., kt. 530276-0239, Skeifunni 17, Reykjavík.

Stefndi er Radíóbúðin hf., 670670-0159, Skipholti 19, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 1.327.845 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 894.505 kr. frá 5. maí 1993 til 28. maí 1993, en af 1.327.845 kr. frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og tildæmdur málskostnaður að skaðlausu að mati dómsins. Til vara er krafist skuldajafnaðar við kröfu stefnanda á 886.141 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 3. september 1992 til greiðsludags og málskostnaður verði felldur niður.

Málavextir eru þeir, að stefnandi og stefndi voru ásamt öðrum fyrirtækjum hluthafar í hlutafélaginu Símvali, og átti stefnandi 28,5% hlutafjárins, en stefndi 25%. Hinn 3. september 1992 barst eigendum alls hlutafjár í Símvali hf. tilboð frá Rafkaupum hf. í Reykjavík í allt hlutafé Símvals hf. Tilboðsgjafi bauðst til þess að greiða 3.500.000 kr. fyrir hlutaféð, 50% nafnverðs. Í tilboðinu var síðan svohljóðandi ákvæði: „Rafkaup hf. mun yfirtaka allar skuldbindingar félagsins.“ Allir hluthafar í Símvali hf. tóku tilboðinu samdægurs, og jafnframt gerðist það sama dag, að stefndi óskaði skriflega eftir því að neyta forkaupsréttar á hlutafé annarra hluthafa í félaginu á grundvelli fram komins tilboðs Rafkaupa hf. Í bréfinu er tekið fram, að samningnum fylgi áframhaldandi umboðsstörf fyrir DORO og önnur þau umboð, sem fyrirtækið hefur með höndum, og yfirtaka á rekstri, eignum og skuldum Símvals hf. Meðeigendur stefnda að hlutum í Símvali hf. samþykktu þessa ósk stefnda.

Þegar tilboð Rafkaupa var gert, lá fyrir milliuppgjör, miðað við 30. júní 1992, og samkvæmt því var eigið fé Símvals hf. 51.871 kr. Því hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefnda, að skuldir þær, er mál þetta snýst um, hafi verið tilgreindar í milliuppgjöri þessu. Í tilboðinu var gert ráð fyrir, að nýtt milliuppgjör lægi fyrir 15. september 1992. Upplýst er í máli þessu, að stefndi tók strax við rekstri Símvals hf., og rak hann fyrirtækið til 7. október 1992, er hann lýsti því yfir, að hann teldi sig óbundinn af tilboði sínu, þar sem staða fyrirtækisins hefði augljóslega orðið lakari 5. september 1992 en frávik tilboðsins heimiluðu. Lá þá fyrir nýtt milliuppgjör frá 22. september 1992, og samkvæmt því jókst rekstrartap frá ársbyrjun úr 4.959.367 kr. 30. júní 1992 í 5.850.337 kr. 5. september sama ár. Var eigið fé því orðið neikvætt um 834.270 (?) krónur. Stefnandi höfðaði dómsmál ásamt Vöruvernd

hf. og Rafafli hf. til heimtu umsamins kaupverðs hlutabréfanna, enda töldu stefnendur riftun stefnda á kaupum hans á hlutabréfunum ólögmæta. Lokaniðurstaða málsins fékkst með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 1. febrúar sl., þar sem staðfest var, að stefndi hefði verið bundinn af kaupunum og einhliða riftun þeirra óheimil.

Upplýst er í máli þessu, að Símul hf. var úrskurðað gjaldþrota 28. janúar 1994.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að í tilboði Rafkaupa hf. í allt hlutafé í Símul hf. hafi verið tekið fram, að Rafkaup hf. myndu taka við öllum skuldbindingum félagsins, og hefði stefnandi því losnað undan öllum ábyrgðum fyrir Símul hf., hefði tilboði Rafkaupa hf. verið tekið. Stefnandi hafi gengið inn í þetta tilboð og áréttað skriflega, að samningurinn fæli í sér yfirtöku á rekstri, eignum og skuldum fyrirtækisins. Verði að skilja tilboðið og bréf stefnda svo, að stefndi hafi ábyrgst seljendum hlutafjár í Símul hf., að ábyrgðir seljenda vegna félagsins myndu ekki falla á þá. Þar sem stefndi sé samkvæmt hæstaréttardómi bundinn af samningi aðila um kaup stefnda á hlutafénu, leiði af almennum reglum um skuldbindingargildi loforða, að stefnda beri að greiða stefnanda umkrafaða skuld. Þá heldur stefnandi því fram, að hin ólögmæta riftun stefnda og vanhvirða um hagsmuni Símuvs hf. hafi leitt til þess, að ábyrgðarskuldbindingar stefnanda vegna Símuvs hf. urðu virkar, og beri stefndi því ábyrgð á því samkvæmt almennum skaðabótareglum. Þá heldur stefnandi því fram, að stefndi hafi hagnýtt sér eignir Símuvs hf. að vild, og eigi stefnandi að bera óbættar innlausnir ábyrgða vegna Símuvs hf., leiði það til óeðlilegrar og óréttmætrar auðgunar stefnda á kostnað stefnanda. Þá mótmælir stefnandi því, að afsláttarkrafa stefnda sé hæf til skuldajafnaðar í máli þessu, þar sem hér sé fjallað um afleiddar kröfur.

Af hálfu stefnda er vísað til þess, að samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga beri enginn hluthafi persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins, og hafi stefndi aldrei tekið á sig persónulega ábyrgð á neinum skuldbindingum Símuvs hf. Ekkert hafi verið talað um slíkar ábyrgðir í tilboði því, sem Rafafli hf. gerði og stefndi gekk inn í, og í milliuppgjörum sé ekkert minnst á persónulegar ábyrgðir. Stefnandi hafi aldrei minnst á það einu orði, að hann væri í persónulegum ábyrgðum fyrir Símul hf., og ekki hafi verið farið fram á, að stefndi tæki á sig persónulegar ábyrgðir, og hefði slíkt aldrei verið samþykkt. Þá mótmælir stefndi því, að hann hafi auðgast á kostnað stefnanda. Engar eignir hafi runnið til stefnda frá Símul hf. Samanburður á milliuppgjörinu frá 30. júní 1992 og frá 5. september 1992

leiðir í ljós neikvæðan mismun á eiginfjárstöðu, sem nemur 886.141 kr. Þá bendir stefndi á, að í héraðsdómi í áðurgreindu riftunarmáli sé það fullyrt, að réttur hafi verið til afsláttar af kaupverðinu samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922, en í dómi Hæstaréttar segir svo m. a.: „Eins og málið liggur fyrir, er ekki tilefni til að taka afstöðu til þess, hvort áfrýjandi hafi átt rétt til afsláttar úr hendi stefndu.“ Stefndi telur, að skuldajafna beri þeim mismun, sem fram kom á milliuppgjörum, 886.141 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 3. september 1992 til greiðsludags, ef talið yrði, að stefnandi ætti kröfu á stefnda. Stefndi mótmælir vöxtum fyrr en frá og með 15. febrúar sl., en þá var hann fyrst krafinn um greiðslu með bréfi lögmanns stefnanda.

Forsendur og niðurstaða.

Með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 1. febrúar sl., var leyst úr ágreiningi aðila vegna kaupa stefnda á hlutabréfum í fyrirtækinu Símvæli hf. Varð niðurstaðan sú, að stefndi var bundinn af kaupnum og einhliða riftun þeirra honum óheimil. Ágreiningur aðila í máli þessu lýtur að túlkun á því ákvæði tilboðsins, þar sem stefndi m. a. tekur á sig skuldir Símvæls hf. Í upphaflegu tilboði Rafkaupa hf. var ákvæði þess efnis, að Rafkaup hf. myndu taka á sig allar skuldbindingar Símvæls hf. Í tilboði stefnanda er lýst yfir því, að stefndi óski eftir að neyta forkaupsréttar á grundvelli fram komins tilboðs Rafkaupa hf., og fylgi samningnum m. a. yfirtaka á skuldum Símvæls hf. Óumdeilt er í máli þessu, að skuldbindinga þeirra, er mál þetta snýst um, var getið í milliuppgjöri, sem miðað var við 30. júní 1992. Stefndi gerði engan fyrirvara í tilboði sínu um neinar þær skuldir, er þar greinir. Verður því að telja, að stefndi hafi með tilboði sínu samþykkt að taka við öllum skuldbindingum Símvæls hf., þar á meðal þeim, er mál þetta snýst um, og gildir þá einu, þótt forsvarsmenn stefnanda hafi tekið á sig persónulega ábyrgð, er stofnað var til skuldanna.

Í héraðsdómi, sem gekk um framangreint riftunarmál, var fullyrt, að stefnandi ætti rétt á afslætti af kaupverðinu samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 vegna breyttra forsendna varðandi fjárhagsstöðu Símvæls hf. Eftir atvikum þykir rétt að fallast á gagnkröfu stefnda, þannig, að til skuldajafnaðar komi 200.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til eignarhluta stefnanda í Símvæli hf. og hlutfallslegrar skiptingar dómkröfu í ofangreindu hæstaréttarmáli vegna riftunarmálsins.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 1.127.845 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. og 12. gr. vaxta-

laga frá dagsetningu kröfubréfs stefnanda 15. febrúar 1996 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Radíóbúðin hf., greiði stefnanda, Tæknivali hf., 1.127.845 kr. með dráttarvöxtum frá 15. febrúar 1996 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.
